



Áfanganúmer: DANS2TO10

Prep: 2

Einingar: 10

Forkröfur: Engar

Lýsandi heiti: Danska fyrir málabraut

Áfangalýsing:

Um er að ræða nám að loknu grunnskólanámi í dönsku og er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur fá þjálfun í færniþáttunum fjórum: tali, hlustun, ritun og lesskilningi. Áhersla er lögð á grunnatriði í málfræði, málnotkun og uppbyggingu orðaforða tungumálsins. Nemendur vinna með ýmis konar kennsluefni, málfræði, lestur texta, þýða, lesa skáldsögu og gera ýmiss verkefni í tengslum við námsefnið. Einnig verða sýndar kvikmyndir og verkefni unnin úr þeim. Hvatt er til sjálfstæðis nemenda í vinnubrögðum og að þeir nýti sér ýmis hjálpargögn s.s. orðabækur. Í lok ársins öðlast nemendur 10 ein. á hæfniprepi 2 (B2).

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér almennar þekkingar og hafa skilning á:

- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja mál sem talað er við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- lesa margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa margs konar texta, formlega og, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem almennar samræður, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki, -skilja megininntak erinda og rökræðna, ef hann þekkir vel til þess

- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra, -lesa á milli línanna
- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður
- taka þátt í skoðanaskiptum
- eiga frumkvæði í samræðum og geta brugðist við einföldum óvæntum spurningum og athugasemdum
- tjá sig á skýran hátt og geta beitt tungumálinu af nákvæmni, við margs konar aðstæður
- skrifa læsilega texta um sérvalið efni frá eigin brjósti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín, -Skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig

Mat á hæfniviðmiðum

Sjá námsáætlun